

## REGLUGERÐ

### um bann við veiðum með fiskivörpu á Langanesgrunni án smáfiskaskilju.

#### 1. gr.

Frá og með 26. febrúar 2004 eru veiðar með fiskivörpu á svæði á Langanesgrunni aðeins heimilar að varpan sé búin smáfiskaskilju í samræmi við ákvæði viðauka við reglugerð nr. 805, 28. október 2003, um gerð og útbúnað smáfiskaskilju. Svæðið markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 66° 43'80 N - 13° 20'67 V
2. 66° 44'00 N - 13° 02'00 V
3. 66° 42'00 N - 12° 56'00 V
4. 66° 40'97 N - 12° 54'01 V
5. 66° 36'88 N - 13° 15'09 V

#### 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 24. febrúar 2004.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*